

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1317/2014****2022/EES/38/06****frá 11. desember 2014****um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins  
(ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunns á meðan starfsleyfi og viðurkenning starfandi miðlægra mótaðila er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, teljast fullgildir miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(2)</sup> breytt að því er varðar ákveðin flagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa. Til samræmis við það er í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar tilkynni, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstrygginga sem þeir hafa fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrri um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Bæði umbreytingartímabilinu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og umbreytingartímabilinu fyrir skýrslugjöf um upphafstryggingu sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 var ætlað falla úr gildi 15. júní 2014.
- 4) Með 3. mgr. 497. gr. (ESB) nr. 575/2013 er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 <sup>(3)</sup> hefur þetta umbreytingartímabil þegar verið framlengt um sex mánuði, til 15. desember 2014.
- 5) Leyfisferlið fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu er hafið en verður ekki lokið fyrir 15. desember 2014. Að því er varðar starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum sem þegar hafa sótt um viðurkenningu þá hafa slíkir miðlægir mótaðilar ekki enn fengið neina slíka viðurkenningu. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu mun því gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum skorts á viðurkenndum miðlægum mótaðilum með staðfestu í hverju þessara viðkomandi þriðju landa sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu stöðustofnunarþjónustu sem þessar stofnanir Sambandsins þarfnast. Þótt slík aukning kynni einungis að vera tímabundin gæti hún leitt til brotthvarfs þeirra sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðila starfa. Því er nauðsynlegt að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót, þ.e. til 15. júní 2015.
- 6) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

(1) Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, sem þegar hafa verið framlengd skv. 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) nr. 591/2014, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---